



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

Reykjavík 21. október 2024

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræi 8-10
101 Reykjavík

Umsögn við fjárlagafrumvarp 2025 frá Körfuknattleikssambandi Íslands – KKÍ

Því miður þá er það staðreynd að undanfarin ár hefur Íþróttta-og Ólympíusamband Ísland-ÍSí ásamt sérsamböndum þess verið verulega van fjármögnuð og ef ekki verður gripið til aðgerða strax þá er ljóst að landsliðs-og afreksstarf og annað starf á vegum sérsambandanna muni hljóta mikinn skaða strax á árinu 2025 og svo ekki sé svo talað um árin þar á eftir.

Stærsti hluti kostnaðar við landsliðs-og afreksstsstarfið er flug, hótél og annar upphaldskostnaður.

Nánast öll sérsambönd þurfa að láta landsliðsfólk sitt greiða fyrir þáttöku í yngri landsliðum og það ansi stóran hluta.

Allir þingmenn vita vel af öllum þeim verðhækkunum sem hafa verið hér á landi sem og í heiminum öllum undanfarin ár og á meðan stendur fjárhagslegur stuðningur við íþróttastarfið í stað ár eftir ár.

KKÍ heldur úti öflugum landsliðstarfi allt árið um kring en fyrir utan karla-og kvennlandslið eru átta yngri landslið ásamt hæfileikamótum yngri leikmanna en þeirra sem eru í landsliðum. Þrátt fyrir að reynt sé að halda öllum kostnaði í lágmarki lítur út fyrir að kostnaður við landsliðsstarf KKÍ verði vel yfir 200 milljónir á árinu 2025. Lang stærsti kostnaðurinn er að fara í flug, hótél og upphaldskostnað. Karla-og kvennlandslið okkar taka þátt í Evrópu-og heimsmeistaramótum auk vináttulandsleikja.

Yngri landslið okkar eru U15, U16, U18 og U20.

Verkefni yngri landsliða okkar á hverju ári eru: Norðurlandamót og Evrópukeppni U16, U18 og 20. U15 tekur þátt í æfingarmóti í Finnlandi kallað opna Norðurlandamótið.

Þessi átta yngri landslið Íslands spiluðu 79 landsleiki síðastliðið sumar.

Umfangið hjá KKÍ er ansi mikið fyrir utan afreks-og landsliðsmál eins og mótamál, fjármál, fræðslumál og með meiri fjárhagslegri aðstoð væri hægt að sinna aðildarfélögum okkar enn betur og þeim fjölda sjálfboðaliða sem bera uppi körfuboltastarfið í landinu.

Það er mikill metnaður og vilji hjá KKÍ að halda þessu starfi áfram en það mun ekki verða hægt nema að Alþingi Íslendinga sýni sóma sinn í því að auka nú þegar fjármagn til þessa málaflokks.

Undanfarið ár hefur verið unnið mikið og gott starf þvert á þingflokka. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks var skipaður í byrjun árs 2023 og skilaðu af sér tillögu í vor 2024. Tilögurnar fela meðal annars í sér

- Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.
- Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að styðja viðafreksíþróttafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.
- Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarpáttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þátttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.
- Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.
- Hvatakerfi sem hefur það að markmiðið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.
- Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélögum, auk foreldrafræðslu.
- Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglunga úr íþróttum.

Einnig er brýnt að minnst á aðstöðuleysi all flestra íþróttagreina þegar kemur að afreks-og landsliðsstarfi. Það er afar brýnt að körfuboltinn og aðrar inni íþróttagreinar eignist heimili sem allra allra fyrst og að Þjóðarhöll rísi sem fyrst. Það er samt ekki nóg að reisa Þjóðarhöll ef fjármagn verður ekki stórlega aukið til afreks-og landsliðstarfins því ekki þurfum við Þjóðarhöll ef landliðin okkar verða lögð niður vegna fjárskorts og skilningsleysis stjórnvalda enn eitt árið.

Þolinmæði stjórnenda og starfsmanna sérsambanda er á þrotum vegna fjármagnsleysis, stanslausar fjárhagsáhyggjur að lifa hvern dag og eiga fyrir því landliðs-og afreksstarfi sem Íslenska þjóðin vill að haldið sé úti á vegum Íþróttahreyfingarinnar.

Nú er kjörið tækifæri fyrir alla þingflokka að láta flokkadrætti til hliðar og sýna í verki þann stuðning sem ÍSÍ og sérsamböndin eiga skilið með því að auka fjármagn verulega mikið til afrekssjóðs ÍSÍ og ríkisstyrks sérsambanda.

Undirritaður tilbúinn til að mæta á fund fjárlaganefndar ef óskað er eftir því til að fara enn betur yfir starf KKÍ og þannig auka skilning nefndarmanna á því starfi sem unnið er innan sérsambanda ÍSÍ.

Áfram ÍSLAND

F.h. Körfuknattleikssambands Íslands – KKÍ
Hannes S.Jónsson
framkvæmdastjóri